

HLUTVERK SFF

Hvað er SFF:

SFF eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Samtökunum er ætlað að gegna ýmsum hlutverkum sem miða að því að vinna að sameiginlegum hagsmunum aðildarfélaga sinna og styrkja heilbriggt starfsumhverfi þeirra. Slíkt samstarf er mikilvægt fyrir framgang fjármálamarkaðarins, stuðlar að bættri hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og styður við starfsemi aðildarfyrirtækja með fræðslu og annarri upplýsingamiðlun. SFF gegna þannig mikilvægu hlutverki, bæði í þágu aðildarfélaganna sem og samfélagsins alls. Gætt er að því að ekki myndist vettvangur þar sem upplýsingaflæði á sér stað sem getur leitt til röskunar á samkeppni.

Hlutverk SFF er m.a.:

- Að vera málsvari íslenskra fjármálafyrirtækja í hagsmunamálum þeirra, með því m.a. að:
 - Taka þátt í opinberri umræðu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfyrirtækja og starfsskilyrði s.s. löggjöf og almenn rekstrarskilyrði, m.a. með greinaskrifum eða með öðrum hætti í fjölmiðlum
 - Safna sjónarmiðum aðildarfélaga um rekstrarumhverfi og halda hagsmunum greinarinnar á lofti gagnvart stjórnvöldum með beinum og óbeinum hætti
- Að stuðla að samkeppnishæfum starfsskilyrðum íslenskra fjármálafyrirtækja með því t.d. að:
 - Vinna í samstarfi við aðildarfélög álit á breytingum á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi reglum sem opinberir aðilar hyggjast setja eða hafa sett
 - Koma hlutlausum upplýsingum og leiðbeiningum um nýja löggjöf til skila til aðildarfélaga
 - Veita aðildarfélögum upplýsingar og ráðgjöf sem efla virkni markaða og styðja við framþróun
- Að auka skilning á mikilvægi fjármálafyrirtækja fyrir íslenskan efnahag með því m.a. að:
 - Koma fram í opinberri umræðu, með greinaskrifum eða með öðrum hætti í fjölmiðlum
- Að taka þátt í erlendu hagsmunasamstarfi fjármálafyrirtækja með því m.a.:
 - Að sækja fundi og miðla upplýsingum um stöðu hagsmunamála fjármálafyrirtækja hér á landi.

Samskipti innan SFF:

Aðildarfélög og SFF eiga samskipti innan þess ramma sem afmarkaður er í reglum samtakanna. Samskipti fara aðallega fram á fundum hópa/nefnda umgjörð er með fyrirfram ákveðnum hætti, með dagskrá, bókun, vistun gagna o.fl. Samskipti fara einnig fram með tölvupósti eða í gátt þar sem gætt er viðeigandi formfestu og varúð viðhöfð við upplýsingaöflun og -miðlun

Sjá nánar handbók (leiðbeiningar SFF um fylgni við samkeppnislög)